

# SÍMEY

SÍMENNTUNARMIDSTÖÐ EYJAFJARÐAR



Ársskýrsla SÍMEY 2011

### Helgi Kristinsson:



Ég hef rekið Tölvufræðsluna og kennt fólki á tölvur síðan 1999 og gaman að segja frá því að ég gerði fyrstur manna samstarfs-samning við SÍMEY árið 2000. Ég hafði fylgst með stofnferlinu frá upphafi og hafði trú á því að stofnun miðstöðvarinnar væri nákvæmlega það sem þyrfti hér á svæðinu, eins og hefur svo komið á daginn. SÍMEY hefur gjörbreytt aðstöðu fullorðins fólks til að afla sér sí- og endurmenntundar á Eyjafjarðarsvæðinu.

Fólkið sem kemur á tölvunámskeið hefur ekkert breyst í gegnum tíðina en með breyttri tækni verður allt léttara. Tölvuumhverfið í dag er ekkert líkt því sem það var þegar setið var við svartan eða grænan skjá og þurfti að slá inn allar skipanir og að sjálfsögðu er erfitt að bera kennsluna þá saman við kennsluna núna.

### Stefán Þór Sæmundsson:



Ég hef kennt íslensku í menntastöðum hjá SÍMEY í nokkur ár en er annars íslenskukennari við Menntaskólann á Akureyri. Ástæðan fyrir því að ég held áfram að stökkva úr MA niður í SÍMEY síðdegis er einföld. Það er afskaplega gefandi að vera með og kenna fólki sem hefur einlægan áhuga á náminu, gerir kröfur til kennarans og býr yfir lífsreynslu sem nýtist oft vel í kennslustundum. Ekki skemmir fyrir að starfsfólkið hjá SÍMEY er metnaðarfullt og gladbeitt, aðbúnaður góður og andrúmsloftið eins og best verður á kosið. Fyrir mig er það krefjandi, skemmtilegt og endurnærandi að kenna hjá SÍMEY og er varla hægt að fara fram á meira.

### Inga Dagný Eydal:



Hjá SÍMEY byrjaði ég að kenna 2010 og hef kennt á Skólaliða/stuðningsfulltrúabru og Félagsliðabru. Ég hef kennt áfangana Fötlun, Fötlun og Samfélg, Fjölskyldan og félagsleg þjónusta og Samskipti.

Það hefur verið afar gefandi og skemmtilegt að kenna nemendum í SÍMEY. Þeir eru áhugasamir, duglegir, jákvæðir og leggja sig sannarlega fram. Mér finnst ég verði æ ríkari með hverju námskeiðinu sem ég kenni.

### Ummæli eins þátttakanda á námskeiðinu, Að verða hluti af heild I:

„Ég var svo heppin að fá að sækja hópefli og sjálfsstyrkingu á haustdögum ásamt hópi vinnufélaga. Þrátt fyrir að hafa starfað saman um nokkurt skeið þekktist hópurinn misvel innbyrðis, sumir jafnvel ekkert. Á námskeiðinu fórum við í gegnum hópaverkefni af ýmsu tagi, t.d. sjálfsþekkingu, styrkleika/veikleika hópsins/einstaklingsins, nánd, traust, sköpun, leiki og margt fleira áhugavert. Eftir námskeiðið stóðum við sem sterkir einstaklingar innan samstillts hóps. Í stuttu máli, þá er námskeið af þessu tagi eitt-hvað sem allir vinnustaðir ættu að nýta sér.

Ávinningurinn: Ánægðara og meðvitaðra starfsfólk – sem er jú meginstyrkur hvers fyrir tækis. Takk fyrir aldeilis frábært námskeið.“

### Herdís Ívarsdóttir:



Ég hef kennt sögu, félagsfræði og ensku í SÍMEY.

Að kenna fullorðnum námsmönnum er krefjandi og skemmtilegt. Það eru mikil forrættindi fyrir kennara að hafa einungis nemendur sem vilja hvergi annarsstaðar vera og gefa sig alla í námið. Fullorðnir nemendur eru yfir höfuð þakklátir fyrir að fá annað tækifæri til að mennta sig og það er einkar gefandi starf að fá að taka þátt í þeirri ferð með þeim.

Hjá SÍMEY eru hagsmunir nemenda hafðir að leiðarljósi og virðing borin fyrir þörfum og sérstæði hvers og eins. Það er sú upplifun ásamt vinalegu en þó umfram allt faglegu viðmóti og heimilislegu umhverfi sem fær nemendur og kennara til að vilja koma þangað aftur og aftur.

„Það hefur verið sérlega ánægjulegt að kenna félagsliðanemum, hjá SÍMEY, undanfarna tvo vetur. Hef haft á orði við nemendur mína að það séu sannarlega forrættindi mín að fá að leiðbeina þeim. Þau hafa verið sérlega áhugasöm um námið auk þess að vera líflegir og áhugaverðir hópar. Þegar fólk er að hefja nám að nýju eftir langt hlé þá eru stundum fjölmargir „huglásarnir“ sem glíma þarf við. Það er magnað að sjá þá opnast einn af öðrum um leið og nemendum vex bæði kjarkur og sjálfstraust. Starfið er þannig þakklátt og gefandi og svo er einfaldlega svo gaman hjá okkur!

SÍMEY er sannarlega að vinna frábært starf hvað varðar fullorðinsfræðslu og nær að hugsa mjög vel um hvern og einn nemanda. Slíkt skiptir miklu máli þegar fólk er að gera aðra atrennu að því að fóta sig í námi.“

# Efnisyfirlit

<b>Umsagnir um SÍMEY .....</b>	<b>2-4</b>
<b>Ávarp stjórnarformanns .....</b>	<b>5</b>
<b>1. Starfsemin á árinu .....</b>	<b>6</b>
Inngangur .....	6
Dagleg starfsemi .....	6
Stjórn SÍMEY .....	6
Starfsmenn SÍMEY .....	7
Húsnæði og vinnuaðstaða .....	8
Fjárhagur .....	8
<b>2. Samstarfssamningar og verkefni .....</b>	<b>9</b>
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins .....	9
Náms- og starfsráðgjöf .....	9
Raunfærnimat .....	10
MARKVISS .....	10
Starfsemin við utanverðan Eyjafjörð .....	11
Fjölmennt .....	11
Margvís og SÍMEY í eina sæng .....	12
Háskólabrú.....	12
Erlend samstarfsverkefni .....	12
<b>3. Námskeiðahald .....</b>	<b>12</b>
Námskeiðsflokkar .....	12
Samstarfsaðilar .....	14
Nemendastundir .....	15
Flokkun þátttakenda eftir kyni .....	16
<b>4. Samantekt og framtíðarsýn .....</b>	<b>17</b>
<b>Kynning á verkefninu</b>	
<b>„Að verða hluti af heild .....</b>	<b>18</b>

## Ársskýrsla SÍMEY 2011

### Útgefandi:

SÍMEY [www.simey.is](http://www.simey.is)

Þórsstíg 4 600 Akureyri

### Ábyrgðarmaður:

Erla Björg Guðmundsdóttir

### Hönnun & umbrot:

Ásprent · [www.asprent.is](http://www.asprent.is)

### Prentun:

Stell [www.stell.is](http://www.stell.is)

### Myndir:

Ýmsir

### Anna Richardsdóttir, dansgjörningalistakona:



Í SÍMEY kenni ég hópefli og sjálfstyrkingu. Námsfernið byggir ég á grunnstarfsreynslu með óvanna dansara) og leikjum og flétta það saman við námsferni sem ég stúderaði á námskeiðum hjá Valgerði Bjarnadóttur og nefnist „Lífsvefurinn“. Það er sjálfstyrkingar-

námsferni. Mér finnst mjög skemmtilegt og gefandi að kenna fullorðnu námsfólki. Nemendurnir eru þakklátir og kunna vel að meta að hópurinn fær tækifæri til að kynna á óhefðbundnum nótum í gegnum hreyfingu. Síðan tjáir fólk sig oft óheftara eftir að hafa hlegið saman og leikið sér.

Mér finnst hóparnir taka upp léttara andrúmsloft í lok tímanna og nemendurnir vera tengdri hvor öðrum á góðan hátt og þau öll meðvituð um að það er léttara að læra saman þegar hópurinn þekkist betur og það hefur myndast ákveðið traust.

SÍMEY er góður vinnustaður með andrúmslofti, léttleika en líka vinnusemi. Yfirmenn mínir eru einstaklega lipurt og greiðvikið fólk.

Ég tel eftirsóknarvert að vera nemandi í SÍMEY því mér virðist sem að það sé vandað til námsins í hvívetna og námskeiðin henti nemendum hverju sinni. Það segir mér aftur á móti að nemendum sé leiðbeint á raunsæjan hátt við val á námsleiðum og/ eða að áfangarnir eru sniðnir að þörfum hinna ólíku hópa sem nema í SÍMEY.

Ég finn að mig langar að halda áfram að kenna í SÍMEY af því að þar líður mér vel.

### Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir:



Hjá SÍMEY byrjaði ég að kenna 2010 og hef kennt á Skólaliða/stuðningsfulltrúabréu og Félagsliðabréu. Ég hef kennt áfangana Fötlun, Fötlan og Samfélag, Fjölskyldan og félagsleg þjónusta og Samskipti.

Það hefur verið afar gefandi og skemmtilegt að kenna nemendum í SÍMEY. Þeir eru áhugasamir, duglegir, jákvæðir og leggja sig sannarlega fram. Mér finnst ég verði æ ríkari með hverju námskeiðinu sem ég kenni.

Hjá Fjölmenn hefur ég verið með nokkur matreiðslunámskeið og er sú kennsla sömuleiðis gefandi og skemmtileg.

Hjá SÍMEY er fjölbreytt námsframboð og ættu flestir sem vilja bæta við sig í námi að geta fundið eitthvað sitt hæfi. Það er mikilvægt fyrir samfélagið okkar að fólk hafi kost á því að fara í nám á öllum aldri og auka þekkingu sína, leikni og hæfni, ekki síst að geta stundað námið með þeirri vinnu sem þeir stunda.

### Annette J. de Vink:



Ég kenni bæði dönsku í framhaldsskóla og í fullorðinsfræðslu. Það sem mér finnst svo gott við að kenna fullorðnum námsmönnum er hvað þeir eru áhugasamir, metnaðarfullir og oft þakklátir fyrir að fá tækifæri til að læra eitthvað nýtt. Þetta er ástæðan fyrir því að ég tek þessa kennslu að mér þegar mér býðst það!

### Vilberg Helgason:



Ég kenni aðallega tölvu- og upplýsingatækni. Ég hef starfað við fullorðinsfræðslu með hléum frá 1993 og mesta þróunin sem ég hef séð á þessu tímabili er að með tilkomu SÍMEY hefur fullorðnu fólk verið gefið tækifæri til vera saman í námi auk þess að komast í nám á dagtíma ólíkt því sem áður var þegar einungis var um kvöldskóla eða stök námskeið að ræða sem ekki voru oft á tíðum metin til jafns við nám í framhaldsskóla. Frábært er t.d. að sjá nemendur sem byrjuðu með grunnskólapróf hjá SÍMEY og eru jafnvel að fara í háskóla eftir að hafa nýtt sér það námsframboð sem SÍMEY býður uppá.

### Ummæli eins þátttakanda sem fór í nám að loknu námskeiðinu, „Að verða hluti af heild I“;

„Ég var síðast í námi í öldungadeild Gaggans fyrir 25 árum. Þannig að það var mikið átak fyrir mig að stökkva aftur af stað!“ segir þátttakandinn. Hún hefur unnið í frístund í grunnskóla á Akureyri í rúm 10 ár. „Við erum þrjár þaðan í Stuðningsfulltrúabréu hjá SÍMEY. Við sáum námið auglýst og stöppuðum stálinu hver í aðra.“ Hún segist hafa farið af stað með hálfum huga og oftast en einu sinni við það að gefast upp. „En Betty og Valgeir hjá SÍMEY hvöttu mig til dáða og studdu mig á alla lund og ég get ekki hugsað mér að hætta úr þessu! Þetta er rosalega góður félagskapur og hér eru allir svo jákvæðir,“ sagði þátttakandinn.

Ávarp stjórnarformanns

## Stefnur - áherslur - gildi

Ný lög um framhaldsfræðslu, sem tóku gildi í október 2010 festu m.a. í sessi formlegan grundvöll framhaldsfræðslunnar og SÍMEY þar með. Framhaldsfræðslan er þannig orðin að fimmtu grunnstoð menntakerfisins fyrir þann markhóp sem lögin taka til, fólk með stutta formlega skólagöngu. Menntamálaráðuneytið vill auðvelda fólki aðgengi að námi og auka þátttöku fullorðinna í námi. Það gerir ráðuneytið m.a. með þjónustusamningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sem aftur gerir samstarfsamning við SÍMEY um að veita þjónustuna. Hlutverk Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar eða SÍMEY er að efla símenntun og auka samstarf milli atvinnulífs og skóla, og styrkja þannig samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana á svæðinu.

Það er mikilvægara en nokkru sinni áður að fullorðnir sem ekki hafa lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi eigi kost á öðru tækifæri til náms og fái jafnframt fyrra nám, námskeið og hvers kyns lífs- og starfsreynslu metna til styttingar á námi til fullra námsloka. Það er gert með raunfærnimati sem nú er í örri þróun hjá samstarfsaðilum Fræðslumiðstöðvarinnar og leggja þar allir sitt af mörkum. Enda segir um markmið raunfærnimats að það sé til að geta stýtt nám í framhaldinu, að sýna fram á reynslu og færni í starfi í atvinnuumsókn og svo verður lagt mat á það hvernig einstaklingur getur styrkt sig í námi og starfi.

Á stefnumótunarfundi sem stjórn SÍMEY ásamt starfsmönnum hélt 25. janúar 2012 var farið yfir gildi og stefnu í starfssemi miðstöðvarinnar. Þar kom fram mikilvægi þess að SÍMEY viðhaldi félags- og samfélagsgildum, haldi sveigjanleika sínum og aðlögunarhæfni en breytist ekki í stofnun sem er til sjálfrar sín vegna. Með sífelldum vexti miðstöðvarinnar og því lagaumhverfi sem hún starfar eftir þarf að hefja vinnu við starfsmannastefnu sem einum lið í innleiðingu á gæðakerfi sem nú er langt komið. Gæðakerfið tekur sérstaklega á gæðum kennslu, kennsluaðferða, vali á kennurum, námsefni og framsetningu á því. Hugað verður sérstaklega að uppsetningu á svokölluðum „Smíðjum“ sem eru að mestu byggðar upp á verklegu námi. En notendur þjónustu SÍMEY er stór hópur með ólíkar þarfir og kappkostar miðstöðin að vera með fjöl-



Arna Jakóbína Björnsdóttir

breytt námsframboð þar sem sérstök áhersla er á að mæta þeim sem eiga eða hafa átt við námsörðugleika að stríða. Svo að það megi vel takast þá þarf sífellt að þróa og aðlaga kennsluaðferðir að þeim hópi sem við á hverju sinni, þjálfra og mennta kennara í kennsluaðferðum fullorðinsfræðslunnar auk þess sem starfsemi er húsnæðisfrelk og húsnæðið verður að henta starfsemi. Gildi þau sem SÍMEY hefur sett sér eru: *Tækifæri, styrkur, traust og sveigjanleiki.*

Fyrir hönd stjórnar SÍMEY vil ég þakka starfsfólki SÍMEY fyrir að skapa gott og notalegt umhverfi sem á ekki síst stóran þátt í því hversu vel gengur. Þar leggjast allir saman á áramnar og gera sitt besta. Stjórnarmönnum þakka ég samstarfið og þakka fyrir veturinn.

Akureyri, 19. apríl 2012,  
**Arna Jakóbína Björnsdóttir**

# 1. Starfsemin á árinu

## Inngangur

Árið 2011 var 12. starfsár Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY) en þessi ársskýrsla gerir grein fyrir þeirri starfsemi sem miðstöðin kom að á árinu, fræðsluframboði, samstarfsaðilum og öðrum helstu verkefnum.

Skýrslan er í fjórum köflum. Hún hefst á kafla sem fjallar um starfsemina á árinu. Gerð er grein fyrir hverjir sitja í stjórn og hverjir starfa hjá miðstöðinni, húsnaði og fjárhag SÍMEY. Á eftir fylgir kafla um helstu samstarfssamninga og verkefni. Í þriðja kaflanum er fjallað um námskeiðahald SÍMEY. Greint er frá heildarfjölda námskeiða, þátttakenda og nemendastunda og ýmsar tölur skoðaðar m.t.t. námskeiðsflokka, út frá kyni og eftir samstarfsaðilum. Skýrslan endar svo venju samkvæmt á samantekt og framtíðarsýn.

## Dagleg starfsemi

Daglegri starfsemi má í mjög grófum dráttum skipta á eftirfarandi hátt:

- Dagleg umsjón með námskeiðum og þjónusta við námskeið sem eru í gangi
- Kynningar á starfsemi og símenntunarfamboði SÍMEY
- Miðlun náms og námskeiða annarra fræðsluaðila, m.a. á framhalds- og háskólastigi
- Skipulagning, hönnun og þróun nýrra námskeiða
- Samskipti og þjónusta við fræðsluaðila
- Ráðgjöf, s.s. náms- og starfsráðgjöf og MARKVISS fyrirtækjaráðgjöf
- Umsjón með fyrirtækjaskólum
- Raunfærnimat
- Upplýsingamiðlun í gegnum heimasíðu miðstöðvarinnar og samfélagsmiðla á borð við Facebook
- Innsláttur og úrvinnsla gagna í nemendabókhalda SÍMEY
- Ýmis sérverkefni



## Stjórn

Í stjórn SÍMEY eiga sæti sjö fulltrúar, sem tilnefndir eru af menntastofnunum, stéttarfélögum, atvinnurekendum, Akureyrarbæ og öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð. Stjórnarmenn SÍMEY sem kosnir voru til tveggja ára á ársfundi 11. maí 2011 eru:

Aðalstjórn	Fyrir hönd
<b>Stjórnarformaður:</b>	
Arna Jakóbína Björnsdóttir	Opinberra stéttafélaga
<b>Stjórnarmenn:</b>	
Helgi Vilberg	Fræðslustofnana
Póra Ákadóttir	Opinberra fyrirtækja
Eiður Stefánsson	Almennra stéttarféлага
Karítas Skarphéðinsdóttir Neff	Almennra fyrirtækja
Svanfríður Jónasdóttir	Sveitarféлага við Eyjafjörð
Ingunn Helga Bjarnadóttir	Akureyrarbæjar
Varastjórn	Fyrir hönd
Arnfríður Arnadóttir	Fræðslustofnana
Valur Knútsson	Opinberra fyrirtækja
Matthildur Sigurjónsdóttir	Almennra stéttarféлага
Ingvi Þór Björnsson	Almennra fyrirtækja
Jón Hrói Finnsson	Sveitarféлага við Eyjafjörð
Gunnar Frímansson	Akureyrarbæjar

## Stjórnarmenn SÍMEY



Arna Jakobína  
Björnsdóttir



Helgi Vilberg



Þóra Ákadóttir



Eiður Stefánsson



Karítas Skarp-  
héðinsdóttir Neff



Svanfríður  
Jónasdóttir



Ingunn Helga  
Bjarnadóttir

## Starfsmenn

Árið 2011 voru 14 starfsmenn í níu starfsgildum hjá SÍMEY: Erla Björg Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri starfaði fram í lok september þegar hún fór í sex mánaða leyfi. Valgeir Magnússon verkefnastjóri, náms- og starfsráðgjafi tók við sem framkvæmdastjóri; Edda B. Aspar, ritari; Heimir Haraldsson, verkefnastjóri/náms- og starfsráðgjafi; Helgi Kristinsson, húsumsjónarmaður; Helgi Þorbjörn Svavarsson, ráðgjafi/verkefna- og gæðastjóri í námsverinu á Dalvík; Hildur Betty Kristjánsdóttir, verkefnastjóri/náms- og starfsráðgjafi; Sigrún Björnsdóttir, bókarari; Sóley Guðmundsdóttir, ritari, Vilberg Helgason, tæknimaður; Guðrún Lárusdóttir Blöndal verkefnastjóri Fjölmenntar. Í ágúst bættust í hóp starfsmanna þær Guðrún Kristín Blöndal, verkefnastjóri og ráðgjafi og Kristín Björk Gunnarsdóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi. Í nóvember tók Arnþrúður Eik Helgadóttir tímabundið til starfa sem verkefnastjóri námskeiða Fjölmenntar.

Til viðbótar við fasta starfsmenn SÍMEY koma

um 120 verktakar að starfseminni sem leiðbeinendur.

Haldnir voru 43 starfsmannafundir á árinu auk þess sem starfsmenn voru duglegir að sækja námskeið og ráðstefnur innanlands og utan. Í október sóttu tveir starfsmenn ráðstefnu um nýjungar í raunfærnimati í Kaupmannahöfn og í desember héldu tveir starfsmenn til Helsinki þar sem þeir fengu kynningu á Adult Educationcenter þar í borg og sátu ráðstefnu um rannsóknir, gæði og menntun innan fullorðinsfræðslunnar. Hildur Betty hefur verið tengiliður háskólans í samstarfshópi innan NVL, norrænu tengslaneti um fullorðinsfræðslu og sótti fund um rannsóknir innan fullorðinsfræðslunnar í Stokkhólmi í ágúst. Sóley sat námskeið fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum, Erla Björg lauk LMI þjálfun í hvatningarstjórnun, Heimir, Helgi, Guðrún og Kristín hófu MARKVISS-ráðgafabjálfun og stefna að því að útskrifast sem ráðgjafar árið 2012. Betty sat námskeiðin: „Fullorðnir námsmenn og aðstæður þeirra“ annars vegar og „Skipulagning fræðslu á vinnumarkaði“ hins vegar, hvorutveggja í HÍ. Betty og Valgeir tóku áfangana: „Þróunarverkefni á vettvangi“ og „Megindleg aðferðafræði“ í HA. Helgi og Heimir sátu námskeið um raunfærnimat á vegum FA og Kristín sat námskeið hjá Símenntun HA um Easy Tutor.

## Húsnæði og vinnuaðstaða

SÍMEY er í samstarfi við Dalvíkurbyggð og heldur úti starfsemi í Námsverinu á Dalvík þar sem eru tvær kennslustofur og skrifstofa verkefnastjóra. Á Ólafsfirði og Siglufirði er verkefnastjóri með viðveru einu sinni í viku í aðstöðu annars vegar á vegum Fjallabyggðar og hins vegar Einingar-Iðju.



## Starfsmenn SÍMEY



Erla Björg  
Guðmundsdóttir  
Framkvæmdastjóri



H. Betty Kristjánsdóttir  
Náms- og starfsráðgjafi  
og verkefnastjóri



Edda Aspar  
Ritari



Sigrún Björnsdóttir  
Bókari



Heimir Haraldsson  
Náms- og starfsráðgjafi  
og verkefnastjóri



Sóley  
Guðmundsdóttir  
Ritari



Helgi Kristinnsson  
Húsumsjón



Valgeir Magnússon  
Náms- og starfsráðgjafi  
og verkefnastjóri



Helgi P. Svavarsson  
Ráðgjafi og verkefna-  
stjóri á Dalvík



Vilberg Helgason  
Tæknimaður



Guðrún K. Blöndal  
Verkefnastj. og ráðgjafi



Kristín B. Gunnarsdóttir  
Verkefnastj. og ráðgjafi

Á Akureyri fer starfsemi miðstöðvarinnar eftir sem áður fram að Þórsstíg 4 þar sem eru níu skrifstofur, átta kennslustofur, afgreiðsla, fullbúið eldhús og kaffitorg þar sem nemendur geta sest niður og lært eða haft það huggulegt.

## Fjárhagur

Heildarrekstrartekjur miðstöðvarinnar árið 2011 voru 173 milljónir kr. Þar af voru 90 milljónir tekjur vegna samstarfsverkefna, 29,5 milljónir voru styrkir til mið-

stöðvarinnar, 50 milljónir voru vegna seldrar þjónustu og 3 milljónir aðrar tekjur.

Rekstrargjöld voru 162 milljónir kr., fjármagnstekjur 1 milljón og rekstrarafgangur 12 milljónir. Rekstrarafgangurinn skýrist af því að á árinu var fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 21 milljón kr. sem voru eignfærðar í stað þess að verða gjaldfærðar og munu afskrifast á næstu árum.

## 2. Samstarfssamningar og verkefni

### Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins

SÍMEY er einn af samstarfsaðilum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og hefur það samstarf farið vaxandi á síðustu árum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er í eigu Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Samtaka atvinnulífsins (SA), Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitir fé til reksturs FA og til Fræðslusjóðs, sem ráðstafar fé til viðurkenndra fræðsluaðila til að mæta kostnaði við námskeiðahald (vottaðar námsleiðir), náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Hlutverk FA er að vera samstarfsvettvangur ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtakanna.

Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Starfsemin byggir á samþykktum félagsins og þjón-







ustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

Starfsemin beinist að þeim sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla. Sá markhópur er um 33% fólks á vinnumarkaði. Hlutfallið er breytilegt milli ára og landssvæða.

FA hefur gerir samning við SÍMEY ár hvert og gengur samningurinn út á að bjóða upp á vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, þróunarverkefni o.fl. Meginmarkmiðið með verkefnum þessum er að veita fólki á vinnumarkaði og atvinnuleitendum með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að



afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

### Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf er í boði fyrir alla íbúa Eyjafjarðar og er sú þjónusta gjaldfrjálss eftir sem áður. Þetta er sú aðferð sem reynist hvað farsælust við að virkja fólk til þátttöku þegar kemur að sí- og endurmenntun en námsframboðið er fjölbreytt hjá SÍMEY. Samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, voru tekin 555 viðtöl árið 2011 sem er 10% fækkun frá árinu 2010. Ljóst má vera að ásókn einstaklinga í náms- og starfsráðgjöf, sem stunda ekki nám hjá SÍMEY hefur ekki minnkað og ráðgjöf til nemenda í





lengri námsleiðum hefur verið með öðru sniði því hópráðgjöf til nemenda hefur verið meiri en áður.

Eins og áður hefur komið fram voru heimsóknir til náms- og starfsráðgjafa 555. Þegar kyn ráðþega er skoðað, er um að ræða 310 konur og 245 karla. Ef fyrra nám þeirra ráðþega sem komu er skoðað, þá hafa 166 lokið grunnskóla, 240 byrjað í framhaldsskóla en ekki lokið, 36 hafa lokið iðn- eða starfsmenntun og 27 hafa lokið stúdentsprófi. Í 77 viðtölum kom ekki fram menntunarstig viðkomandi. Sá aldurshópur sem notar ráðgjöfina mest er hópurinn frá 26–40 ára en 250 viðtöl eru skráð á þann hóp. Því næst er aldurshópurinn frá 41–55 ára en 127 viðtöl eru skráð á þann hóp. Í hópnum undir 25 ára eru skráð 110 viðtöl og að lokum er það aldurshópurinn 56 ára og eldri en 68 ráðþegar eru skráðir í þann hóp. Þegar staða ráðþega á vinnumarkaði er skoðuð, eru af þeim ráðþegum sem komu 191 í starfi, 190 atvinnuleitendur, 34 í starfsendurhæfingu, 35 í námi, 10 öryrkjar en 95 ráðþegar gáfu ekki upp stöðu sína.

Ráðgjafar SÍMEY reyna að nýta þau tækifæri sem bjóðast til þess að fara á vinnustaði og kynna þjónustuna sem SÍMEY veitir. Ráðgjafar SÍMEY voru t.d. með náms- og starfsráðgjöf fyrir þátttakendur í Virkinu sem er virknisetur fyrir atvinnuleitendur á aldrinum 18–25 ára. Virkið er samstarfsverkefni Akureyrarbæjar, Rauða krossins og Vinnumálastofnunar. Með aðkomu SÍMEY að þessu verkefni var hægt að bjóða þátttakendum upp á náms- og starfsráðgjöf í Rósenborg þar sem starfsemin er hýst og var hópur atvinnuleitenda sem fann úrræði fyrir sig í námsleiðum SÍMEY sem og annars staðar.

## Raunfærnimat

Stór hópur starfsmanna leik- og grunnskóla á Eyjafjarðarsvæðinu fór í gegnum raunfærnimat fyrir leikskólaliða, skólaliða og stuðningsfulltrúa en þátttakendur voru 29. Metið var á móti áföngum í „Skólabrú“, sem er námsbraut fyrir leikskólaliða, stuðningsfulltrúa og skólaliða. Alls var 348 einingum á framhaldsskólastigi lokið. Hluti hópsins hélt áfram í frekara nám í skólabrú.

29 manns fóru gegnum raunfærnimat í „Verslunarfagnámi“, þar af 10 við utanverðan Eyjafjörð. „Verslunarfagnám“ er ein viðamesta námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins alls um 680 klst. og er í raunfærnimatinu verið að meta á móti áföngum í náminu. Alls lauk hópurinn 754 einingum.

Þessi verkefni voru unnin í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, stéttarfélög, sveitarfélög og atvinnulíf.

## MARKVISS

MARKVISS uppbygging starfsmanna eða bara MARKVISS er aðferðafræði sem símenntunarmiðstöðvarnar innan Kvasis hafa notað til að aðstoða fyrirtæki við ýmis verkefni sem snúa að uppbyggingu og starfsþróun starfsmanna þeirra. Hjá SÍMEY fjölgar MARKVISS-ráðgjöfum ár frá ári en þarfagreiningum innan fyrirtækja hefur fjölgað mikið undanfarið. Þarfagreiningin hefur gefið SÍMEY gríðarlega mikilvæga tengingu við atvinnulífið og hefur afurðin gjarnan verið fræðsluáætlun eða fyrirtækjaskólar sem SÍMEY kemur að með einum eða öðrum hætti.

SÍMEY hefur einnig á árinu haldið utan um þjálfun ráðgjafa á landsvísi í samstarfi við aðrar símenntunarmiðstöðvar á landinu. Ráðgert er að útskrift þeirra verði vorið 2012.





Á árinu var unnið að MARKVISS verkefni innan Öldrunarheimila Akureyrarbæjar, Hótel KEA, Framkvæmdamiðstöðvar, Búsetudeildar Akureyrarbæjar og allra grunnskóla Akureyrar. Gera má ráð fyrir að þessi verkefni nái til allt að 700 starfsmanna.

Einnig hófust þjálfunarverkefni tilvonandi MARKVISS ráðgjafa hjá Dalvíkurbyggð, Grunnskóla Fjallabyggðar, meðal stjórnenda Akureyrarbæjar og Grýtubakkahrepps.

Þessi verkefni hafa verið dyggilega studd af endurmenntunarsjóðum stéttarfélaganna eins og Sveitamennt, Landsmennt og Mannauðssjóði Kjalar.

## Fjölmennt

SÍMEY hefur um langt skeið verið í góðu samstarfi við Fjölmennt, sem er símenntunarmiðstöð fyrir fatlað fólk og árið 2009 tók SÍMEY yfir alla umsjón með námskeiðahaldi Fjölmenntar á Eyjafjarðarsvæðinu. Nú er svo komið að Fjölmennt og SÍMEY eru báðar til húsa að Þórsstíg 4 og á árinu fluttist starf verkefnastjóra Fjölmenntar alfarið yfir til SÍMEY.

## Starfsemin við utanverðan Eyjafjörð

Dalvíkurbyggð og SÍMEY hafa átt í farsælu samstarfi um rekstur námsversins á Dalvík. Á síðastliðnu ári voru kennd 12 námskeið við utanverðan Eyjafjörð. Á Dalvík kláruðu sex einstaklingar „Nám og þjálfun“ um vorið, sjö manns sátu námskeiðið „Sterkari starfsmaður“ og sex luku námi í „Skrefi til sjálfshjálpar“ fyrir innflytjendur. Um haustið hófu níu manns nám í „Skrifstofuskólunum“. Þá fóru af stað tvö stök námskeið, annarsvegar íslenskunámskeið fyrir útlendinga og hinsvegar Excelnámskeið fyrir stjórnendur Dalvíkurbyggðar. Þá var námskeiðið „Að verða hluti af heild“ haldið fyrir ófaglærða starfsmenn í grunnskólum og leikskólum Dalvíkurbyggðar.

Í Fjallabyggð var námsleiðin „Sterkari starfsmaður“ kennd og frumkvöðlanámskeiðið „Plógurinn“ í samvinnu við Vinnuálastofnun. Leikskólarnir í Fjallabyggð tóku einnig þátt í námskeiðinu „Að verða hluti af heild“. Um haustið fór „Grunnmenntaskólinn“ af stað á Siglufirði. Af stökum námskeiðum var farið af stað með námskeið í gerð heilsuhristinga á Siglufirði.

Árið 2012 voru tekin 59 ráðgjafaviðtöl á svæðinu og farið var með kynningar inn í 13 fyrirtæki og sóttu 89 manns þessar kynningar.

Stærstu samstarfsaðilar SÍMEY við utanverðan Eyjafjörð voru sveitarfélögin Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð. Þar má helst nefna námskeiðið „Að verða hluti af heild“ sem allir ófaglærðir starfsmenn grunn- og leikskóla Dalvíkurbyggðar og leikskóla Fjallabyggðar sóttu.

Samstarf SÍMEY og Menntaskólans á Tröllaskaga um fisktækninám á Dalvík hélt áfram í samvinnu við fiskvinnslufyrirtækin á staðnum. Lokið var við að búa til námsbrautina og hún send til samþykktar hjá Menntamálaráðuneyti. Næsta skref í þeirri vinnu er að formgera samstarfið við fiskvinnslurnar og klára skipulagningu á verknáminu.

Þess má geta að tvö MARKVISS verkefni fóru af stað á svæðinu í tengslum við MARKVISS þjálfun. Eitt verkefnið snýr að því að greina starfsþróunarpörf í Dalvíkurbyggð en hitt verkefnið á að greina starfsþróunarpörf í grunnskóla Fjallabyggðar.

Notkun á fjarfundabúnaði eykst enn og á vordögum mun verða gerð tilraun til að kenna frá Menntaskólunum á Tröllaskaga í gegnum fjarfundabúnað á Dalvík tvo daga í viku. Einnig hafa nemendur við Háskólann á Akureyri og Háskólann á Bifröst nýtt sér aðstöðuna.

Með tilkomu Héðinsfjarðarganga hefur starfsemin stórauðist í Fjallabyggð. Verkefnastjóri SÍMEY hefur fengið aðgang að skrifstofuaðstöðu hjá Einingu-Iðju

og Fjallabyggð á Ólafsfirði og Siglufirði einn dag í viku.

### Margvís og SÍMEY í eina sæng

Í ágúst 2011 gekk Guðrún Kristín Blöndal til liðs við SÍMEY en Guðrún rak áður Margvís ehf. sem hefur haft umsjón með íslenskukennslu fyrir útlendinga á Akureyri, Dalvík og Fjallabyggð undanfarin ár. Guðrún hefur haft umsjón með málefnum útlendinga í SÍMEY ásamt námskeiðahaldi í íslensku fyrir útlendinga.

Íslenskunámskeiðin fyrir útlendinga í SÍMEY á haustönn 2011 voru sjö talsins; þar af þrjú almenn íslenskunámskeið á Akureyri og tvö almenn íslenskunámskeið á Dalvík, einn „Landnemaskóli“ á Akureyri og eitt „Skref til sjálfshjálpar“ á Akureyri.

Þátttakendur á íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga á haustönn 2011 voru samtals 61.

### Háskólabrú

Vorið 2010 gerðu SÍMEY og Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs með sér samning um samstarf við að halda úti „Háskólabrú“ á Akureyri. Samningurinn var þess eðlis að verkefnastjóri hjá SÍMEY var skipaður yfir námsleiðinni og sér hann um utanumhald, samskipti við nemendur og forstöðumann Háskólabrúar hjá Keili. Eins veitir SÍMEY náms- og starfsráðgjöf til nemenda. Fyrstu nemendur Háskólabrúar á Akureyri hófu svo nám haustið 2010.

Háskólabrú tekur um eitt ár og verða umsækjendur að hafa lokið a.m.k. 70 framhaldsskólalæningum og þar af sex einingum í íslensku, ensku og stærðfræði. Að Háskólabrú lokinni geta nemendur sótt um inngöngu í háskóla hérlendis og erlendis en þess ber að geta að Háskóli Íslands gerir þær kröfur að nemendur á Háskólabrú séu orðnir 25 ára er þeir sækja um nám í HÍ. Kennsluhættir á Háskólabrú miða við þarfir fullorðinna nemenda, miklar kröfur eru gerðar um sjálfstæði í vinnubrögðum og eru raunhæf verkefni lögð fyrir.

Í vor útskrifast annar nemendahópurinn úr „Háskólabrú“ í SÍMEY. Samstarfið hefur gengið mjög vel og mun verða haldið áfram. Með náminu er verið að koma til móts við markhóp SÍMEY og einstaklinga á Eyjafjarðarsvæðinu. Almenn ánægja hefur verið með námið og í vor munu um 60 nemendur hafa lokið Háskólabrú Keilis.



### Erlend samstarfsverkefni

SÍMEY hefur verið þátttakandi í ýmsum erlendum samstarfsverkefnum. Árið 2011 lauk tveggja ára yfirfærsluverkefni sem styrkt var í gegnum Menntaáætlun Evrópusambandsins Leonardo da Vinci. SÍMEY tók þátt í því verkefni ásamt fimm öðrum aðilum frá Ítalíu, Spáni, Hollandi og Rúmeníu. Verkefnið sem kallaðist JCint, Job Creator snérist um yfirfærslu nýsköpunarhugmynda til að mæta vanda evrópsks vinnumarkaðar. Alls voru haldnir þrjú sameiginlegir fundir á árinu. Fundað var á Akureyri í apríl og lokaráðstefna verkefnisins fór fram í Alberobello á Ítalíu þar sem fulltrúar hvers þátttökuaðila kynntu niðurstöður síns verkefnis.

Í mars sóttu tveir starfsmenn fund í Finnlandi á vegum Rucola verkefnisins, sem snýst um notkun samfélagsmiðla við kennslu í dreifðum byggðum og í september fór einn starfsmaður á framhaldsfund til Svíþjóðar vegna verkefnisins.


Tveir starfsmenn fóru til Finnlands í nóvember vegna verkefnisins „Raunfærnimat fyrir atvinnuleitendur“.

## 3. Námskeiðahald

### Námskeiðsflokkar

Á Akureyri og í Eyjafirði voru haldin samtals 180 námskeið í sjö flokkum og voru nemendastundir samtals 130.178. Þetta eru ekki eins margar nemendastundir og árið 2010, sem var metár á öllum sviðum hjá SÍMEY, en samt sem áður tæplega 85% aukning frá árinu 2009. Þátttakendur á námskeiðum miðstöðvarinnar voru 2.118 talsins en það eru 302 fleiri en árið 2010 og hafa þeir aldrei verið fleiri í sögu miðstöðvarinnar.

### Fjöldi námskeiða í boði eftir námskeiðsflokkum



Mynd 1. Fjöldi námskeiða í boði eftir námskeiðsflokkum.

Starfsmenntun er ætlað að efla einstaklinga faglega í starfi t.d. stjórnendur, starfsfólk í ferðaþjónustu, byggingarliða, starfsfólk í félagsþjónustu, skrifstofufólk o.s.frv.

Í flokknum almenn hæfni er lögð áhersla á að rifja upp eða efla þá þekkingu sem formlega skólakerfið gerir ráð fyrir að menn hafi tileinkað sér að loknum grunnskóla og fyrstu bekkjum framhaldsskóla.


Námskeið sem falla undir persónuhæfni beinast að því að styrkja og efla einstaklinginn sem persónu. Hér er að finna námskeið í mannlegum samskiptum, sjálfsstyrkingarnámskeið, tjáningu, hópefli o.s.frv.

Flokkarnir tungumál, tölvur og tómstundir útskýra

sí sjálfir en í flokknum Fjölmennt eru öll námskeið sem sérstaklega eru haldin fyrir fatlaða einstaklinga.


Langflestar kenndar nemendastundir eru eftir sem áður í flokknum almenn hæfni en í þeim flokki einum voru kenndar 88.940 nemendastundir eða rúmlega 68% allra kennda nemendastunda hjá miðstöðinni. Kenndum nemendastundum fækkaði í tveimur flokkum, annars vegar persónuhæfni og hins vegar tölvunámskeiðum en í öðrum flokkum var aukning og mest var hún í flokknum starfsmenntun. Munar þar mest um námskeiðin: „Að verða hluti af heild“, sem aðrir starfsmenn grunnskólanna en kennarar tóku þátt í.

### Próun fjölda kenndra nemendastunda eftir flokkum



Mynd 2. Próun fjölda kenndra nemendastunda eftir flokkum árin 2010 og 2011.

### Fjöldi haldinna námskeiða eftir samstarfsaðilum



Mynd 3. Fjöldi haldinna námskeiða eftir samstarfsaðilum.




### Samstarfsaðilar

SÍMEY starfar í góðu samstarfi við fjölmarga aðila á hverju ári og tekur samstarfið heilmiklum breytingum á milli ára. Helstu samstarfsaðilar árið 2011 voru Fjölmennt og Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins en auk þess voru sett upp 20 námskeið fyrir sveitarfélögin á starfssvæði SÍMEY og eitt námskeið á Hvammstanga. Þau námskeið sem eru listuð undir SÍMEY eru námskeið sem haldin eru í samstarfi við einstaklinga og smærri fyrirtæki.


Langflestir þátttakendur frá einstökum samstarfsaðila komu frá Akureyrarbæ þetta árið eða 519 einstaklingar. Næst stærsti hópurinn voru þátttakendur í vottuðum námsleiðum frá Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins en til gamans má geta þess að kenndar nemendastundir í samstarfi SÍMEY og Akureyrarbæjar voru

### Nemendafjöldi eftir samstarfsaðilum




Mynd 4. Nemendafjöldi eftir samstarfsaðilum.

### Próun nemendastundafjölda milli ára



Mynd 5. Próun nemendastundafjölda milli ára.

### Kynjaskipting þátttakenda



Mynd 6. Kynjaskipting heildarþátttakendafjölda á námskeiðum SÍMEY.

6.167 á meðan þátttakendur í vottuðum námsleiðum FA áttu 76.010 nemendastundir eða 58% allra kenndra nemendastunda hjá SÍMEY árið 2011.


### Nemendastundir

Kenndar nemendastundir er mælikvarði sem notaður er um margfeldi nemendafjölda annars vegar og kennslustundafjölda hins vegar.

Sé þróun nemendastundafjölda skoðuð milli ára má glögglega sjá hversu hratt miðstöðin hefur vaxið og umfang starfseminnar aukist á milli ára. Þessi mælikvarði segir þó ekki alla söguna og þrátt fyrir að kenndum nemendastundum fækki milli 2010 og 2011 fækkar kenndum námskeiðum ekki nema um eitt og þátttakendum á námskeiðum fjölgar um 302 á milli ára. Það hve nemendastundum fækkar segir okkur að þátttakendum á lengri námskeiðum er hlutfallslega að fækka en hinum sem koma á styttri námskeiðin fjölgar á sama tíma.



### Kynjaskipting eftir námskeiðsflokkum



Mynd 7. Kynjaskipting eftir námskeiðsflokkum.



### Flokkun þátttakenda eftir kyni

Það er gömul saga og ný að konur eru í meirhluta þeirra sem sækja sér sí- og endurmenntun. Árið 2010 voru konur 60% þátttakenda en árið 2011 jókst munurinn enn og hlutfall karla á námskeiðum féll úr því að vera 40% niður í 32%. Þarna munar mest um námskeiðið „Að verða hluti af heild“, sem 519 starfsmenn Akureyrarbæjar sóttu en þar af voru ekki nema 84 karlar eða 16% heildarþátttakenda.

Í öllum flokkum námskeiðahalds eru konur fleiri en karlar nema í hópi fatlaðra einstaklinga, þar sem hlutfallið snýst við og karlmenn eru rétt tæplega 60% þátttakenda og konur rétt rúmlega 40%.







## 4. Samantekt og framtíðarsýn

Undanfarin ár hefur starfsemi SÍMEY einkennst af gríðarlegum vexti á öllum sviðum og mikið áunnist í því að símenntunarmiðstöðvar út um land hljóti formlega viðurkenningu á hlutverki sínu og ábyrgð sem fimmta grunnstoð íslenska menntakerfisins.

Árið 2011 var að umfangi mjög ámóta árinu á undan. Haldin voru viðlíka mörg námskeið, nemendastundum fækkaði lítillega en þátttakendafjöldi jókst um 302 einstaklinga og voru á árinu 2.118 en þátttakendur í framhaldsfræðslu hafa aldrei verið fleiri hjá miðstöðinni.

Sá öri vöxtur sem einkennt hefur starfsemina undanfarin ár hefur skapað svigrúm til að styrkja enn frekar innra skipulag miðstöðvarinnar og festa í sessi vinnubrögð og verkferla sem tryggja gæði og áframhaldandi uppbyggingu starfseminnar. Framundan er vinna við að öðlast vottun sem viðurkenndur fræðsluaðili en einungis þeir fræðsluaðilar sem hafa slíka vottun geta sótt um fjármagn til Fræðslusjóðs, sem ráðstafar framlögum

Alþingis í málaflökkinn hverju sinni. Heilmikil vinna hefur þegar verið unnin til þess að miðstöðin sé undirbúin fyrir slíka vottun, innleiðing á gæðakerfi hefur verið umfangsmikil og fyrir dyrum stendur vinna við gerð starfsmannastefnu SÍMEY en starfsmönnum hefur fjölgað jafnt og þétt og eru nú 14 starfsmenn í um níu stöðugildum.

Framtíðin er björt í framhaldsfræðslunni og verkefni- in ærin. Stjórn og starfsmönnum SÍMEY er afar hugleikið að standa vörð um sveigjanleika og aðlögunarhæfni miðstöðvarinnar svo stærð hennar og áframhaldandi vöxtur bitni hvorki á getunni né viljanum til þess að mæta hverjum einstaklingi þar sem hann er staddur. Þetta viljum við gera með það að leiðarljósi að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi hjá SÍMEY og að hækka menntunarstig í Eyjafirði, einstaklingum og atvinnulífi á svæðinu til hagsbóta.

Akureyri, 19. apríl 2012  
**Erla Björg Guðmundsdóttir,**  
*framkvæmdastjóri SÍMEY*

## Kynning á verkefninu „Að verða hluti af heild“

Vorið 2009 vann SÍMEY að þarfagreiningu innan eins grunnskóla Akureyrar eftir hugmyndafræði MARKVISS. MARKVISS er þarfagreiningaraðferð þar sem þarfir varðandi fræðslu, þjálfun og annað sem tengist uppbyggingu starfsmanna eru greindar. Uppbygging starfsmanna tekst best til þegar samvinna er á milli stjórnenda og starfsmanna í verkefninu og á þeim grunni byggir MARKVISS aðferðafræði sína.

Þegar þarfagreining er framkvæmd innan fyrirtækis er mikilvægt að gera sér grein fyrir núverandi frammistöðu og bregðast við með greiningu sem leggur áherslu á núverandi þarfir. Reynslan hefur sýnt að þarfagreining sem þessi eykur líkurnar á að þjálfun og fræðsla starfsmanna beri árangur.

Aðdragandinn að verkefninu var að einum grunnskóla á Akureyri var boðið MARKVISS þarfagreining sér að kostnaðarlausu en um var að ræða þjálfunarverkefni í MARKVISS. Markmið verkefnisins var þarfagreining alls starfsfólks m.t.t. breyttra krafna um færni í starfi og nauðsyn sí- og endurmenntunar. Þverfaglegur stýrihópur var skipaður



innan grunnskólans ásamt MARKVISS ráðgjöfunum Hildi Betty Kristjánsdóttur og Valgeiri Magnússyni. Í framhaldi af því var unnin viðhorfskönnun ásamt stýrihópnum og var hún því næst lögð fyrir starfsfólkið. Út frá niðurstöðum viðhorfskönnunar var svo unnin sí- og endurmenntunaráætlun fyrir allt starfsfólk grunnskólans.

Niðurstöður þarfagreiningarinnar voru afar markverðar og sýndu fram á mikilvægi þess að efla sí- og endurmenntun hjá því starfsfólki grunnskólans sem hafði minnstu

formlegu menntunina. Niðurstöður verkefnisins leiddu til þess að útbúin var námskrá fyrir þennan hóp með yfirskriftinni „Að verða hluti af heild“. Haustið 2009 fór starfsfólk grunnskólans, aðrir en kennarar, í gegnum námskeið er bar heitið, „Að verða hluti af heild“ og voru þetta um 30 starfsmenn. MARKVISS þarfagreiningin hefur síðar leitt til þess að allir grunnskólar Akureyrar hafa frá árinu 2010 skipulagt starfsdaga sína í samstarfi við SÍMEY út frá hugmyndafræði „Að verða hluti af heild“.

Verkefnið „Að verða hluti af heild“ hefur gefist vel og hafa fleiri skólar, bæði leik- og grunnskólar á Eyjafjarðarsvæðinu sóst eftir að námskeiðið verði hluti af símenntun ófaglærðra starfsmanna þeirra.

SÍMEY hefur, í gegnum árin, verið í góðu samstarfi við Akureyrbæ varðandi hin ýmsu verkefni er snúa að sí- og endurmenntun en ekki tekist að ná góðri tengingu við ófaglærð starfsfólkið innan grunnskólanna. Boðið hafði verið upp á námskrána „Grunnnám fyrir skólaliða“ en ekki náðst í hóp til að fara af stað með námsleiðina. Það var ekki fyrr



en eftir þarfagreininguna innan grunnskólans að það fór að skapast góð tenging við ófaglærða starfsfólkið. Verkefnið hefur vaxið hratt því í upphafinu var það í boði fyrir einn grunnskóla. Nú hefur „Að verða hluti af heild“ verið skipulagt þrjú ár í röð í samstarfi við Akureyrarbæ og nú í haust í samstarfi við Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð og Eyjafjarðarsveit með þátttöku um 250 starfsmanna.

Markmiðið með námskeiðinu „Að verða hlut af heild“ er að efla færni starfsmanna, fagvitund, sjálfsþekkingu, tölvufærni og vellíðan í starfi. Námskeiðin sem farið hafa fram á starfsdögum eru eftirfarandi:

#### **Haustið 2010 – Að verða hluti af heild I (20 klst.)**

- Tölvu- og upplýsingalæsi
- Hópefli og sjálfsstyrking
- Kynning náms- og starfsráðgjafa

#### **Haustið 2011 – Að verða hluti af heild II (16 klst.)**

- Tölvu- og upplýsingalæsi
- Kynning náms- og starfsráðgjafa

Starfstengdar vinnustofur og fyrirlestrar með áherslu m.a. á:

- Leikinn
- Samskipti starfsmanna og barna
- Kröfuharða einstaklinga

Hluti af námskeiðinu er kynning á þeim möguleikum sem í boði eru í sí – og endurmenntun sem og viðtal við náms- og starfsráðgjafa og hafa starfsmenn nýtt sér það.

Það sem verkefnið „Að verða hluti af heild“ hefur leitt til er að hluti þátttakenda hefur tekið skrefið áfram til frekari uppbyggingar og farið í námsleiðir á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins líkt og „Leikskólalíðabré“, „Skólalíðabré“, „Stuðningsfulltrúabré“, „Menntastöðir“, „Nám og þjálfun“ o.fl. Einnig skipulagði SÍMEY raunfærnimat nú í vor fyrir

starfsmenn leik- og grunnskóla á Eyjafjarðarsvæðinu, sem var afar vel heppnað með þátttöku 30 starfsmanna innan leik- og grunnskóla. Eins luku 11 starfsmenn innan grunnskólanna raunfærnimati fyrir matartækna og í framhaldi af því fóru þeir í nám í Verkmenntaskólanum á Akureyri í samstarfi við SÍMEY nú í haust. Þeir eru nú í lotunámi og munu ljúka faglegu greininum innan matartæknanámsins vorið 2012.



Námskeiðin „Að verða hluti af heild I og II“ hafa leitt til þess að ákveðið hefur verið að fara af stað með MARKVISS þarfagreiningu innan allra grunnskóla Akureyrar svo áframhald geti orðið í starfsþróun-



armálum annarra starfsmanna en kennara. Þetta er gert til að tryggja að innihald og áherslur „Að verða hluti af heild“ endurspegli raunverulegar þarfir starfsmanna og að námskeiðið geti þróast áfram sem hluti af starfi grunnskólanna.

Mikilvægt er að nefna að endurmenntunarsjóðirnir Sveitamennt, Kjölur og Samflot hafa stutt dyggilega við þetta starf og styrkt bæði þarfagreiningarverkefnið sem og fræðsl-

una. Án aðkomu þeirra hefði þetta verkefni ekki náð því flugi sem raun ber vitni.

Ljóst er að þessi nálgun við þennan stóra hóp starfsmanna hefur haft viðvarandi áhrif á þátttöku hans í frekari símenntun, raunfærnimati eða annarri uppbyggingu. Rétt nálgun í hópefli og sjálfsstyrkingu var afar mikilvæg í því að skapa jákvæðni og opnun meðal starfsmanna til að takast á við bæði námskeiðið sem og ný verkefni í starfi. Með samstilltu samstarfi SÍMEY, vinnuveitenda og fræðslusjóðanna hefur tekist að virkja þennan hóp. Í framhaldinu þarf að halda áfram að þróa þessa námsnálgun þannig að virkni starfsmanna til sí- og endurmenntunar viðhaldist.

